


Bls.

Vísnamál Ólínu Jónasdóttur	1
Ólína Jónasdóttir skáldkona	11
Byggðasafn Skagfirðinga 1991	12
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1991	16
Héraðsbókasafn Skagfirðinga 1991	19
Safnahús Skagfirðinga 1991	20
Frá Listasafni Skagfirðinga	22
Kári Jónsson stöðvarstjóri	23
Úr Héraðsskjalasafni:	
Þorrlót á Hólum í Hjaltadal 1905	26
Hver er maðurinn	30
Safnafréttir	36

16. árgangur 1992

safna mál



Útgefandi:
SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
fyrir
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON

Ábyrgðarmaður:
GUNNAR GÍSLASON

SAUÐÁRKRÓKI
SÁST SF.
MCMXCII

Vísnamál Ólínu Jónasdóttur

Hjalti Pálsson tók saman

Á útliðnum vetri árið 1885, hinn 8. apríl, þegar geislar hinnar hækkandi sólar voru byrjaðir að verma, fæddist á Silfrastöðum í Skagafirði lítil stúlka, sem hlaut nafnið Ólína Krístrún, dóttir vinnuhjúa þar, Þóreyjar Magnúsdóttur og Jónasar Hallgrímssonar. Hálfum mánuði síðar var hún flutt ofan að Bólu í Blönduhlíð til ömmu sinnar og afa, Guðrúnar Hallsdóttur og Magnúsar Jónssonar, sem þar bjuggu.

Eftir að Magnús bóndi dó um fardagaleytið vorið 1888, fór Ólína litla með ömmu sinni að Minni-Ökrum, þar sem foreldrar hennar hófu þá búskap. Lengst bjuggu þau á Fremri-Kotum, árin 1893-1906, og við þann bæ kenndi Ólína sig gjarnan.

Fátækt var mikil, og þegar hjónin á Kúskerpi, Krístrún Hjálmsdóttir og Ólafur Hallgrímsson, buðust til að taka Ólínu í fóstur meðgjafarlaust, var það boð þegið. Var Ólína á Kúskerpi í nokkur ár, frá 10 eða 11 ára aldri fram yfir fermingu.

Ólína hlaut skáldskapargáfuna í vöggugjöf og átti ekki langt að sækja. Faðir hennar, sem bar nafn „listaskáldsins góða“, var að vísu lítt þekktur að vísnaverð, en Guðrún amma hennar var dável hagsmælt og sömuleiðis Magnús í Bólu. Og það er skemmtileg tilviljun, að Ólína skyldi einmitt fæðast upp fyrstu árin í fótsporun Bólu-Hjálmars, fyrst í Bólu, síðan á Minni-Ökrum.

Ólína var hóglát kona og lítið um það gefið að halda sér fram, en vísur hennar og ljóð urðu henni ósjálfrátt til frægðar. Margar þeirra eru með snilldarbrag, voru lærðar og flugu víða meðal fólks. En Ólína hafði einnig skráð minningabrot og þar mundaði hún pennann á þann hátt, að lærðir rithöfundar hafa vart gert betur.

Safnamál. 1



Ólína Jónasdóttir.

Árið 1946 kom út bókin *Ég vitja þín æska* og flutti minningabrot Ólínu og lítið sýnishorn af stökum. Síðar jók hún við þessar endurminningar og komu þær út á bók löngu eftir lát hennar árið 1981. Var bókin kölluð: *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna*.

Hér verður leitazt við að bera fram lítið sýnishorn af vísnaverð Ólínu. Flestar stökurnar eru frá seinustu tíu árunum, sem hún lifði, og munu margar aldrei hafa komið á prent fyrri.

Snemma fór Ólína að bagla saman hendingar, þótt lítt væri Kristrúnu á Kúskerpi um vísnarugl gefið, og mátti Ólína fara dult með. En vísnaverðin varð henni þörf, huggun og gleði síðar á lífsleiðinni, eins og hún orðar svo snillilega:

Löngum veitti lífsfögnuð
ljóð að semja og muna.
Mikið varstu góður Guð
að gefa mér hagamælskuna.

Sama viðhorf lýsir sér í næstu stöku:

Stefjagróður, stuðlaföll,
stytta hljóða vöku.
Hlýnar blóð og hugsun öll
heyri ég góða stöku.

„Hjá ömmu minni naut ég þess mesta ástríkis, sem ég hef hlotið um ævína“, segir Ólína í endurminningum sínum. Seint á jólaföstudunni 1953 verður henni hugsað til ömmu sinnar og jólanna og kveður:

Safnamál . 2

Birtu ól hún ætíð mér,
eins og sólarstafir,
bauð mér skjól og bar með sér
beztu jólagjafir.

Ólína gerði ekki víðreist um sína daga. Eiginlega má segja að ævislóð hennar lægi frá Fremri-Kotum út á Sauðárkrók með nokkrum viðkomustöðum. Helzta fráviknið var sumarvist hennar á Laxamýri, þegar hún var 16 ára.

Ólína giftist í árslok 1907 Halli Jónssyni frá Brekkukoti ytra í Blönduhlíð og tók þar við búsförum. Sambúð þeirra varð þó ekki löng. Að kvöldi hins 1. ágúst 1909 var Hallur á heimleið frá Sauðárkróki, reið að ferjustaðnum við Vesturós Héraðsvatna og hugðist kalla ferjuna. Þá sprakk skyndilega sandbakkinn, maður og hestur hurfu í vötnin og Hallur drukknaði.

Ólína hafði fengið illspár í draumi og bar mikinn kvíðboga fyrir ferð Halls. Aðfaranótt hins 2. ágúst varð henni löng:

Þú hefur kald, kviki ós
kvíða valdið sárum.
Nú sjá aldrei unaðsljós
augu haldin tárur.

Vonir frjósa og fella skraut,
fölnar rósin varma.
Eina ljósið lífs á braut
leið í ósinn harma.

Lamaði ótti lífsfögnuð,
lét á þrótti slaka.
Langt mér þótti, það veit guð,
þessa nótt að vaka.

Safnamál . 3

Á árunum 1914-1915 tók Ólína saman við Guðmund Guðmundsson, sem auknefndur var Hóla-Guðmundur. Voru þau fyrst í húsmennsku, m.a. í Stokkhólma og Vík í Staðarhreppi. Ólína tók miklu ástföstri við Sigurð litla, son Árna Hafstað og Ingibjargar í Vík. Veturinn 1919, þegar Sigurður var þriggja ára, gerði hann sér tíðar ferðir upp í herbergi Ólínu til að sjá sólina. Morgun einn í kólguveðri kemur hann og segir: „Engin sól í glugga“. Þá varð til vísa hjá Ólínu:

Svöl er gjóla suðri frá,
svört er ólánsmugga.
Eru skjólin orðin fá,
engin sól í glugga.

Ólína bjó síðar á Kúskerpi frá 1921 til 1928 með fyrrnefndum Guðmundi Guðmundssyni, að heilsa hennar bilaði svo, að hún varð að fara á sjúkrahús. Hún settist síðan að á Sauðárkróki og átti þar heimili til æviloka. En hún var náttúrubarn, rót slitin frá því umhverfi, sem henni var hjartfólgið. Stöðugt kemur fram í vísun hennar lofgjörð til náttúrunnar og þráin til æskustöðvanna. Þessar fallegu haustvísur eru lýsandi dæmi um þetta:

Kögur greiða í kyrrð og sátt
kvöld og heiðir morgnar.
Haustið seiðir hugann þrátt
heim á leiðir fornar.

Skúralæti fæla frið,
foldar væta kinnar.
Skammvinn glæta skrafar við
skóhljóð næturinnar.

Haustið bitran herðir róm,
hlið og fitin sölnar.
Skortir hita blað og blóm
breytir lit og fölnar.

Og enn kveður hún um haustið:

Næðir sárt um kinnar kul,
klaki sezt í sporið.
Haustnóttin er dimm og dul
dreymir hana um vorið.

Mörgu haustið hefur rænt,
hljómar ljúfir þegja.
Allt sem fyrr var iðjagrænt
er að fölna og deyja.

Fátt er nú sem eykur yl,
austan glymur raustin.
Ætli það finni enginn til
eins og ég á haustin.

Og veturinn gengur í garð:

Úti ró er engu léð,
urgar í sjóarþangi.
Kemur Góa gamla með
gust og snjó í fangi.

Faðmar landið friðsæl ró,
frosts ei grandar máttur.
Hér við sandinn heyrir þó
hafsins andardráttur.

Finnst mér unaðsómur sá
opni bjarta geima.
Hann mér kveðju flytur frá
fjöllunum mínum heima.

En svo kemur vorið:

Þokuslæðu bresta bönd,
brúnum hæðir lyfta.
Sólin bræðir svella rönd,
sveitir klæðum skipta.

Sigri hrósa fossaföll
fram við ósarætur.
Vill sér kjósa völdin öll
vor með ljósar nætur.

Þess var áður getið, að náttúrubarnið Ólína undi sér aldrei vel á mölinni, þótt það yrði hennar hlutskipti. Eftirfarandi lýsir þessum tilfinningum:

Ertir mölin iljarnar,
örin mörg þau geyma.
Mikið undur mýkri var
melurinn gamli heima.

Blönduhlíðarfjöllin blasa við í suðaustri frá Sauðárkróki:

Hörð þó atvik hér mig bindi,
heim mín stefnir löngun öll.
Seint og snemma augnayndi
eru þessi blessuð fjöll.

Hinn 11. apríl 1954 kemur gamall sveitungi og vinur í heimsókn, Gísli Gottskálfsson frá Sólheimagerði í Blönduhlíð. Ólína kveður hann með þessari stöku:

Ennþá hér ég eftir bið,
okkar fundir dvína.
Berðu heim í Blönduhlíð
beztu kveðju mína.

Og enn yrkir hún á sömu nótum:

Ís og skuggar allt um kring,
eykur hroll í taugum,
en bregði fyrir Blöndhliðing
birtir fyrir augum.

Blönduhlíð og Norðurárdalur voru Ólínu hugfölgustar sveita. Á ferð þangað frameftir yrkir hún hjá Varmahlíð:

En hvað loftið er nú blátt,
öllu góðu spáir.
Haldið skal í austurátt
eins og hugur þráir.

Og vestan við Héraðsvatnabrá á Grundarstokki fæðist önnur vísa:

Mér er nautn og sæla að sjá
sveit með grænum engjum
og að heyra hreiminn frá
Héraðsvatnastrengjum.

Á Dalsáreyrum er komið yfir í Blönduhlíð, fyrirheitna landið:

Kveðju góða fæ ég frá
felli og gróðurrunnum.
Yngist hljóður hugur á
heimaslóðum kunnnum.

Fremri-Kot í Norðurárdal er hennar Mekka. Þar fá tilfinningarnar útrás, allt er fagurt og lækirnir hvísla ljóðmáli í eyra:

Geislar flæða glaðir á
grund og hæðir dalsins.
Berast kvæði blíðmál frá
bláum æðum fjallsins.

En allt er breytingum háð, ekkert lengur eins og það var nema fjöllin, sem vekja gamlar minningar. Eftirfarandi þrjár vísur eru gerðar eftir ferð að Fremri-Kotum:

Hér á bak við blómadrög
buldra og kvaka lindir.
Hugurinn vakir hress í dag,
hann er að taka myndir.

Lækjaraðir fjallsbrún frá
fram sér hraða af stalli.
Sýnist glaður svipur á
Silfrastaðafjalli.

Á þó bresti eitthvað hér,
er því bezt að gleyma.
Breytist flest því eg nú er
orðinn gestur heima.

Lífsbarátta Ólínu Jónasdóttur var í mörgu erfið. Hún bjó við mikinn og sérstæðan aga í uppvexti á Kúskerpi. Eiginmann sinn missti hún eftir tveggja ára sambúð og síðar herjuðu á hana langvarandi veikindi. En hún átti son frá hjónabandi sínu, sem varð henni augasteinn og ljósgeisli í lífinu. Til hans orti hún margar vísur. Jón Hallsson settist að á Silfrastöðum um 1935 og hefur átt þar heima síðan. Þangað leit-
aði hugur Ólínu oft á tíðum:

Faðm út breiða fjöllin mín,
fell og þreyðir runnar.
Fram til heiða heim til þín
held ég leiðir kunnar.

Inni í hlýjum helgidóm
hugarstrauma þinna
finn að nýju enduróm
æskudrauma minna.

Þar sem fyrri leiðin lá
læt ég hugann sveima.
Dvel því flesta daga hjá
drengnum mínum heima.

En ég raunar ekki skil,
eins og þrárnar slakna
hvað ég alltaf endist til
æskustöðva að sakna.

Þótt Ólínu yrði tíðrætt um náttúruna og æskustöðvar í ljóðum sínum, kastað hún oft fram glettnisfullri vísu um stundarmálefni.

Maður nokkur, hreyfur af víni, leit inn til Ólínu og skrafaði eitt og annað, m.a. að hann hefði hug á stúlku, en hún væri svo köld í viðmóti, að hann hefði ekki getað sagt henni hug sinn. Þó hefði hann á tilfinningu, að henni væri ekki sama um sig. Ólína lagði honum ráð:

Meðan enn er opin vök,
ef að svo til bæri
að þú hefðir á því tök,
ættirðu að renna færi.

Ólína starfði um hríð á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og var þá venjulega hennar verk m.a. að hirða um uppskurðarverkfæri Jónasar Kristjánssonar lækni. Eitt sinn er hún var að þeim starfa, kemur Jónas læknir inn með mann og biður Ólínu að fara fram meðan hann skipti um umbúðir á manninum, sem var sár á óheppilegum stað, og Ólínu varð á munni:

Allt hér kalla of gott má
á því stóra setri,
úr því ég má ekki sjá
aumingjann á Pétri.

Skagfirðingafélagið á Akureyri gekkst fyrir því að reisa Bólu-Hjálmari minnisvarða og var honum valinn staður á melnum neðan við Bólu. Þetta var sumarið 1955 á 160 ára fæðingarafmæli skáldsins. Við það tilefni batt Ólína hugrenningar sínar í orð:

Hér eru drengir vel að verki,
velja staðinn móti sólu.
Þar á að hefja heiðursmerki
Hjálmars gamla skálds frá Bólu.

Minnst er lengi Hjálmars hreysti,
hann þó bæri gæfu skarða.
Akrahrepp hann eitt sinn reisti
óbrotgjarnan minnisvarða.

Ólína Jónasdóttir lézt á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 29. ágúst 1956. Séra Helgi Konráðsson titlar hana þá skáldkonu í kirkjubókinni. Þann sess hafði hún óumdeilanlega öðlzt í hugum samferðamanna sinna og þann sess skipar hún, þegar nafn hennar og vísur ber á góma. En hún hafði hljóðlega lifað og hljóðlega hvarf hún af þessum heimi. Hún var vaxin upp við þröngan kost, þekkti ofur vel fátæktina og hag lítilmagnans. Í minningu eins slíks þegns yrkir hún þessa eftirminnilegu vísu og látum það verða hennar lokaorð:

Það er ekki þys og ys,
þröng né fjölmennt erfi
þó að lítið fölnað fis
fjúki burt og hverfi.

*Í Stekkjarhvammi 7. október 1992,
Hjalti Pálsson.*

Ólína Jónasdóttir skáldkona

Árið 1977 eða 1978 fékk Bjarni Halldórsson á Uppsölum mér í hendur blað, sem á voru ritaðar fjórar vísur, ortar til Ólínu Jónasdóttur. Lét Bjarni þau orð falla, að birta mætti einhvers staðar, ef svo sýndist. Þykir mér vel hæfa að láta þær koma eftir þetta sýnishorn af vísnamálum Ólínu Jónasdóttur, enda gefa þær að nokkru í hnotskurn sýn yfir líf hennar og viðhorf. (Hj.P.)

Hún lék sér í litla bænum,
lækurinn rann að sænum,
blómin vöggudu í blænum
í brekkunum iðjagrænum.

Varð hún sem laufskrýdd lilja,
en lífið á margt að hylja.
Eitt er að unna og vilja,
annað að þjást og dylja.

Bárurnar brotna og gnauða,
bjó hún við ströndina auða,
vökvaði rósina rauða,
reifudu í hvítadauða.

Legstaður búinn hjá bænum,
brunar lækur að sænum,
blómin hnípin í blænum
í brekkunum fölvagrænum.

*Bjarni Halldórsson,
Uppsölum.*

Byggðasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1991

Metaðsókn var að Byggðasafninu í Glaumbæ sumarið 1991. Í gestabók höfðu 18.364 gestir skrifað nöfn sín í septemberlok og að auki heimsóttu um 90 skólanemendur safnið í október. Það var opið að venju yfir sumarmánuðina milli kl. 10 og 17 alla daga. Safnverðir voru þær Ólína Jónsdóttir, Hátúni, Ragnheiður Ólafsdóttir, Varmahlíð og Edda Jónsdóttir, Varmahlíð. Velunnurum safnsins fer fjölgaandi og sífellt berast þangað góðir gripir. Nýskráðir munir urðu 265 á árinu.

Sem betur fer hefur byggðasafnið nú aðgang að mjög góðri geymslu fyrir nýja muni, sem komast ekki í sýningu margir hverjir fyrr en Áshúsið verður tekið í gagnið. Fyrstu búvélarnar bárust til safnsins og hefur verið ákveðið að geyma þær á Hólum um stundarsakir a.m.k. Þá bárust nokkrir munir tengdir Drangeyjarútvegi. Langstærsti munahópurinn tilheyrir venjulegu heimilishaldi á fyrstu tugum aldarinnar, þ.e. búshlutir stórir og smáir. Einnig aðrir munir og eldri s.s. Kotruspíl frá Hofstöðum, dragkista frá Litlu-Brekku, tóbaksponta og dósir úr eigu Ólínu Jónasdóttur skáldkonu og ömmu hennar, Guðrúnar Hallsdóttur í Bólu, og þar að auki teikning eftir Sölva Helgason, silkiklútar (handstúkur), íslenzkur búningur og ýmis föt, spunavél, reiðtygi, hestakerra í pörtum og fleira.

Þann 2. marz rann upp stór stund. Stórir kranar lyftu Áshúsi af sínum upphaflega grunni og settu það á bíl Rögnvaldar Árnasonar bifreiðarstjóra á Sauðárkróki. Daginn eftir ók hann sem leið lá út Hegranes, austur yfir eystri kvísl Héraðsvatna og fram Blönduhlíð, yfir Vötn aftur á brú við Velli, yfir í Varmahlíð og þá var orðið greiðfært út Langholtið að Glaumbæ, þar sem húsið var sett niður á

sinn framtíðarstað. Rafveitumenn voru viðbúnir alla leiðina og létu taka straum af, þegar farið var undir raflínur og þurfti að lyfta þeim upp svo húsið rækist ekki upp undir. Ferðalagið tók um 8 klst. með öllum töfum og aldrei heyrðist þúst í húsinu. Þarna virtist vera alvanur ferðalangur á yfirreið um Skagafjörð. Þökk sé Knúti Aadnegaard smiði á Sauðárkróki og vinnuflokki hans, sem sáu um að undirbúa húsið undir flutning, um flutninginn sjálfan og að koma því fyrir á kjallaranum, sem var hlaðinn í október 1990. Undirrituð hefur sjaldan séð samhentari hóp en þann, sem kom húsinu á leiðarenda. Þegar á nýjan stað var, komið tók Trésmiðjan Borg á Sauðárkróki að sér viðgerðir. Yfirsmiður verksins er Bragi Skúlason. Fyrsta áfanga, sem var viðgerð á grind, gluggum og klæðningu, lauk í desember. Stefnan er að koma Áshúsi í notkun ekki seinna en árið 1994.

Bærinn í Glaumbæ fékk aðhlyningu fyrir opnun. Ari Jóhannesson tók niður hált þil á suðurvegg í Suðurstofu. Veggurinn var farinn að þrýsta svo á þilið, að það sprakk inn. Einnig gerði Ari við þil á norðurveggnum í Norðurstofunni, lagaði vindskeiðar, sem höfðu fokið hálfvegis af í ofsaveðri í febrúar, og dittaði að ýmsu fleiru. Friðrik Steinsson gerði við þrjú þök á bænum, sem höfðu farið mjög illa í fyrrnefndu veðri.

Á Hofsósi var gert við gamla Pakkhúsið. Valgeir Þorvaldsson bóndi og smiður á Vatni tók að sér viðgerð á því. Húsið var gjörsamlega tekið í gegn. Þakið var tekið af, grindin löguð og sperruendar. Ný þil voru timbruð upp að austan og vestan og skarsúðarþak sett á, þannig að nú er húsið búið að fá sitt upphaflega útlit. Timburgólf var sett á báðar hæðir, nýir hlerar og hurðir og allt húsið tjargað í lokin. Með Valgeiri unnu tveir smiðir frá Siglufirði, þeir Hjálmar Jóhannesson og Ágúst Stefánsson.

Viðgerðum var haldið áfram á Hólabænum og baðstofan tekin niður. Um hleðsluna sáu S. Helgi Sigurðsson, Friðrik Steinsson og Jóhannes Arason. Handlangari hjá þeim var Gunnlaugur Jónsson. Þá var hlaðinn upp veggur í göngum að norðan og veggur í búi að austan. Um timburverk sáu Ari og Elías Jóhannessynir, og var Gunn-

laugur einnig handlangari hjá þeim ásamt Unnsteini Elíassyni, sem vann með þeim um tíma. Suðurstofan var þiljuð og hornskápur og lokrekkja sett á sinn stað. Gangurinn fram í bæjardyr var klæddur og skálinn fékk nýtt gólf og þiljur. Gengið var frá timbri í búrinu og baðstofan víðuð að nýju.

Á Sjóvarborg fékk minjavörður S. Helga Sigurðsson í lið með sér að tjarga kirkjuna. Grassvörður var kominn alveg upp að klæðningu og var stungin rás meðfram kirkjuveggnum.

Bærinn á Stóru-Ökrum var tjargaður og gert við fokskemmdir.

Bænhúsið í Gröf fékk lítilsháttar aðhlyningu. Þil að vestan var tjargað og klukknaportið málað.

Anna Kristinsdóttir staðarhaldari á Víðimýri tók á móti 11.110 gestum s.l. sumar. Hún sér alveg um þrif og hirðingu bæði á kirkju og kirkjugarði.

Eftirtaldir aðilar styrktu safnið árið 1991:

Menningarsetur Skagafjarðar	kr. 2.000.000
Þjóðhátíðarsjóður	kr. 240.000
Húsafriðunarsjóður	kr. 500.000

Þeir sem gáfu Byggðasafninu gripi:

Anna M. Jónsdóttir, Laufhóli
Arnljótur Sveinsson, Ytri-Mælifellsá
Elísabet Andrésdóttir, Tungu
Gerður Sigurðardóttir, Sleitustöðum
Guðmundur Einarsson, Veðramóti
Guðmundur Hermannsson, Fjalli
Helga Óskarsdóttir, Ögmundarstöðum
Hlíf Árnadóttir, Sjóvarborg
Hólmfríður Jónsdóttir frá Úlfsstöðum
Ingólfur Sveinsson, Lágmúla
Jón Hallsson, Silfrastöðum
Jón Þorvaldsson frá Ípishóli, Reykjavík
Kristbjörg Bjarnadóttir, Litlu-Brekku
Kristín Ólafsdóttir, Keldudal
Kristmundur Bjarnason, Sjóvarborg
Magnús Jónsson, Ási, Hegranesi
Rósmundur Ingvarsson, Hóli, Tungusveit
Sesselja Hannesdóttir, Ægisstíg 2, Sauðárkróki
Sigríður Hjálmarsdóttir, Hólavegi 20, Sauðárkróki
Sigríður Viggósdóttir, Úlfsstöðum
Sigurður Pétur Björnsson, Húsavík
Sverrir Björnsson, Hólavegi 20, Sauðárkróki
Þóra Jónsdóttir, Utanverðunesi
Þórólfur Helgason, Tungu, Gönguskörðum

Ég þakka öllum þessum aðilum góðar gjafir og styrki og samstarfsfólki mínu öllu fyrir samvinnuna.

Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1991

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var vel sótt á árinu. Alls skráðu sig 856 í gestabók safnsins.

Safnið var opið til afgreiðslu tæplega 21 stund á viku, fimm daga vikunnar frá kl. 13.15 til 17.00, en auk þess á fimmtudagskvöldum frá kl. 20.00 til 22.00.

Fjölmarginir buguðu safninu skjölum, handritum, ljósmyndum eða bókum. Alls voru gjafir 114 á árinu frá 68 einstaklingum. Þar af voru rúmlega 1000 ljósmyndir. Afhendingar opinberra skjalgagna voru 16 frá 13 aðilum.

Nokkuð var unnið að skráningu ljósmynda fyrri hluta árs. Þær Sólveig Olga Sigurðardóttir í Borgargerði og Helga Björk Stefánsdóttir sama staðar störfuðu að því verki. Skráðar voru alls 470 mannamyndir og var tala þeirra í árslok orðin 8.770.

Talsvert var unnið að handritaskráningu og gengið frá u.þ.b. 180 númerum í handritadeild safnsins. Í árslok voru samtals 2.372 skrásett númer, 323 í folio, 1.578 í 4to og 471 í 8vo.

Skráðar fyrirspurnir, símleiðis eða bréflega, voru 52, auk miklu fleiri minniháttar fyrirspurna, sem ekki voru taldar.

Nokkuð var unnið að ljósritun embættisbóka úr kirknasafni og frá sýslumanns- og bæjarfógetaembætti. Var 17 slíkum bókum skilað til Þjóðskjalasafns.

Hinn 14. maí sótti skjalavörður fund í Reykjavík um varðveislu ljósmynda og einnig árlegan fund héraðsskjalavarda og starfsfólks Þjóðskjalasafns, sem haldinn var á Selfossi 13. september. Þar var m.a. skoðað Héraðsskjalasafn Árnessýslu í nýju húsnæði.

Árið 1991 var gott ár fyrir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Aðsókn almennings og gjafir til þess sýna, hvern hug fólk ber til stofnunarinnar. Öllum gefendum og velunnurum færi ég beztu þakkir.

Hjalti Pálsson.

Eftirtaldir gáfu Héraðsskjalasafninu árið 1991:

Alda Ellertsdóttir og Friðrik Margeirsson, Hólavegi 4, Sauðárkróki
Anna Jónsdóttir, Laufhóli, Skag.
Anna Pálsdóttir, Lágmúla, Skag.
Axel Þorsteinsson, Litlubrekku
Árni H. Árnason, Ægisstíg 6, Sauðárkróki
Baldvin Leifsson, Lækjargötu 4, Hafnarfirði
Bjarni Maronsson, Ásgeirsbrekku, Skag.
Björgvin Brynjólfsson, Skagaströnd, A.-Hún.
Björgvin Jónsson, Brennihlíð 1, Sauðárkróki
Björn Dúason, Ólafsvægi 9, Ólafsvirði
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum, Skag.
Broddi Jóhannesson, Sporðagrunni 15, Reykjavík
Emma Hansen frá Hólum, Barmahlíð 33, Reykjavík
Garðar Guðjónsson, Háuhlíð 4, Sauðárkróki
Geir Axelsson, Hólavegi 40, Sauðárkróki
Guðmundur Ásgrímsson frá Hlíð, Fornósi 8, Sauðárkróki
Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, Skag.
Guðmundur Ó. Guðmundsson, Vogabraut 32, Akranesi
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki
Guðríður Brynjólfsdóttir, Hæðarbyggð 9, Garðabæ
Guðrún Ásgrímsdóttir, Lóni, Skag.
Guðrún Rafnsdóttir, Raftahlíð 57, Sauðárkróki
Sr. Gunnar Gíslason, Varmahlíð, Skag.
Halldóra Jónsdóttir og Jóhannes Þórðarson, Hverfisgötu 31, Siglufirði
Hallfríður Kolbeinsdóttir, Skarðshlíð 3, Akureyri
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi, Gullbr.
Hálfðan Helgason, Máshólum 19, Reykjavík
Helga Kristín Einarsdóttir, Melgerði 15, Kópavogi
Helga Helgadóttir frá Hólum, Bogahlíð 14, Reykjavík
Herdís Sæmundsdóttir, Skagfirðingabraut 47, Sauðárkróki
Hilmar Jónsson, Raftahlíð 26, Sauðárkróki
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki
Hróðmar Margeirsson, Ögmundarstöðum/Sókarnafnd Reynistaðarkirkju
Ingunn Björnsdóttir, Hólavegi 40, Sauðárkróki
Ingvar Sighvats, Skagfirðingabraut 7, Sauðárkróki
Jón Hallsson, Silfrastöðum, Skag.
Jón Sigurgeirsson, Spítalavegi 13, Akureyri
Jóna Friðbjarnardóttir, Austurbyggð 17, Akureyri
Jóna Guðmundsdóttir, Berghyl, Skag.
Jórunn Sigurðardóttir, Frostastöðum, Skag.

Konráð Gíslason, Varmahlíð, Skag.
Kristín H. Pétursdóttir, Sólheimum 37, Reykjavík
Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37, Sauðárkróki
Kristmundur Bjarnson og Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg, Skag.
Leifur Sveinbjörnsson, Hnausum, A.-Hún.
Margrét H. Guðmundsdóttir, Austurbyggð 9, Akureyri
Marteinn Steinsson, Freyjugötu, 48, Sauðárkróki
Minný Leósdóttir, Víðigrund 13, Sauðárkróki
Pálína Ásmundsdóttir, Kópavogsbraut 57, Kópavogi
Pálmey Haraldsdóttir, Grænubrekku, Sauðárkróki
Páll Sigurðsson frá Lundi, Öldustíg 15, Sauðárkróki
Sigfús Pétursson, Álftagerði, Skag.
Sigríður Jónsdóttir frá Tungu í Stíflu, Safamýri 44, Reykjavík
Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum, Skag.
Sigrún M. Jónsdóttir, Suðurgötu 10, Sauðárkróki
Sigurður Pétur Björnsson, Garðarsbraut 17, Húsavík
Sigurður Jónsson, Reynistað, Skag.
Sigurlaug Guðmundsdóttir, Vesturhlíð 5, Reykjavík
Sigurbjörn Hjörleifsson, Messuholti, Skag.
Skarphéðinn Agnarsson, Hringbraut 67, Keflavík
Soffía Steinsdóttir, Grandavegi 47, Reykjavík
Sólborg Bjarnadóttir frá Skatastöðum, Skag.
Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki
Svanhildur Steinsdóttir, Neðra-Ási, Skag.
Sverrir Björnsson og Sigríður Hjálmarsdóttir frá Viðvík, Skag.
Sæmundur Jónsson og Mínerva Gísladóttir frá Bessastöðum, Skag.
Þórunna Kristjánsdóttir, Skógargötu 6, Sauðárkróki
Þórir Arngrímsson, Litlugróf, Skag.

Eftirtaldir afhentu opinber gögn til safnsins á árinu 1991:

Anna Jónsdóttir, Laufhóli, Skag.
Birgir Haraldsson, Bakka, Viðvíkursveit, Skag.
Bragi Þór Haraldsson, Furuhlíð 3, Sauðárkróki
Friðrik J. Jónsson, Bárustíg 11, Sauðárkróki
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki
Sr. Hjálmar Jónsson, Víðihlíð 8, Sauðárkróki
Inga H. Andreassen, Víðihlíð 5, Sauðárkróki
Ingvar Sighvats, Skagfirðingabraut 7, Sauðárkróki
Jón Guðmundsson, Öslandi, Skag.
Jón Hallur Ingólfsson, Sæmundargötu 6, Sauðárkróki
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki
Pálmi Rögnvaldsson, Austurgötu 16, Hofsósi, Skag.
Sýslumannsembættið, Sauðárkróki

Safnamál . 18

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1991

Héraðsbókasafnið hafði sama opnunartíma og sl. ár, 18 stundir 5 daga vikunnar. Mánudaga til miðvikudaga kl. 15-19, fimmtudaga kl. 20-22 og föstudaga kl. 14-18. Í júlí og ágúst var þó einungis opið á mánudaga og fimmtudaga fyrrgreinda tíma.

Lánþegar voru alls 453, nokkru færri en sl. ár (499).

Barnaskírteini voru 104 (122) en fullorðinsskírteini 349 (377).

Gjald fyrir lánsskírteini var kr. 500 fyrir fullorðna, kr. 150 fyrir börn og ekkert fyrir ellilífeyrisþega. Sektargjald var kr. 1 á bók fyrir hvern vanskiladag, en reglur um lánstíma og fjölda bóka óbreyttar.

Skráðir gestir, sem fengu lánaðar bækur, voru alls 5.993 (7.000), börn 1.334 (1.700) en fullorðnir 4.659 (5.300). Útlánnum fækkaði talsvert frá árinu áður og voru alls 22.079 bindi (25.602). Þau skiptust þannig niður, að barnabókaútlán voru 3.855 (4.720), en bækur fyrir fullorðna 18.224 (20.882). Útlán á hljóðbókum voru 38 bindi (30).

Lánaðir voru bókakassar í togarana, alls 366 bindi, og til skóla og annarra safna 253. Útlán myndbanda voru 423.

Safninu bættust alls 601 bindi á árinu og voru skráð númer í árslok 24.641.

Hinn 1. september urðu þær breytingar hjá safninu, að Jón Árni Friðjónsson lét af starfi forstöðumanns, en við tók Dóra Þorsteinsdóttir frá og með 1. október.

Sem fyrr urðu ýmsir til að gefa safninu blöð og bækur og eru þeim færðar beztu þakkir.

Dóra Þorsteinsdóttir.

Safnamál . 19

Safnahús Skagfirðinga

Ársskýrsla 1991


Fundir bæjarstjórnar í Safnahúsinu urðu 18 á árinu, en fundir á vegum héraðsnefndar 10 talsins. Aðrir fundir og samkomur urðu 30 og námskeið og ráðstefnur þrjár. Þá var kjörfundur alþingiskosninga í húsinu laugardaginn 20. apríl.

Listskýning var aðeins ein á árinu. Gamall Sauðárkróksbúi, Sigurður Þórólfsson, kom í sæluviku og hélt sýningu á ýmsum listmunum og skipslíkönum úr silfri, gulli og grjóti. Sýninguna nefndi hann Silfurskip og var henni afar vel tekið. Komu um 500 gestir og seldust flest þau verk, sem til sölu voru.

Um sumarið var unnið að múrviðgerðum utanhúss og annaðist Aðalsteinn J. Maríusson það verk. Þá var boðin út málningarvinna í Safnahúsinu að utan. Albert Þórðarson og Þórarinn Thorlacius voru með lágsta tilboð. Þá var húsið merkt, málað stórum stöfum SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA á framhlið milli glugga. Loks var þeim áfanga náð að malbika Faxatorgið með bílastæðum framan við Safnahúsið. Allt þetta var um garð gengið, þegar forseti Íslands heimsótti Skagafjörð og Sauðárkrók. Forsetinn, frú Vigdís Finnbogadóttir, opnaði þá sýningu á málverkum skagfirzkra listamanna, sem Sauðárkróksbær hafði fest kaup á af hjónunum Ottó A. Michelsen og Gyðu Jónsdóttur og annars staðar er nánar frá greint í þessu riti. Við sama tækifæri skoðaði forsetinn einnig Héraðsskjalasafnið og voru þá höfð til sýnis ýmis merk handrit úr safninu og fornar bækur. Þetta var föstudaginn 23. ágúst.

Hinn 1. september urðu þær breytingar á starfslíði í Safnahúsinu, að Jón Árni Friðjónsson lét af starfi bókavardar og forstöðumanns

Safnamál . 20



Safnahús Skagfirðinga í byggingu.

Ljós.: Kristján C. Magnússon.

Safnahússins, sem hann hafði gegnt í eitt ár. Hjalti Pálsson skjaltavörður varð þá aftur forstöðumaður hússins og Guðrún Ingólfssdóttir jafnframt ráðin í hálfstarf sem húsvörður til viðbótar ræstingum. Dóra Þorsteinsdóttir tók síðan við starfi bókavardar við Héraðsbókasafnið hinn 1. október. Anna Pálsdóttir var áfram afgreiðslumaður í bókasafninu.

Stjórn safnanna var óbreytt frá fyrra ári: Séra Gunnar Gíslason formaður, en meðstjórnendur Bjarni Jóhannsson, Björn Björnsson, Björn Sigurbjörnsson og Sighvatur Torfason.

Hjalti Pálsson.

Safnamál . 21

Frá Listasafni Skagfirðinga

Myndir Listasafns Skagfirðinga hafa mörg undanfarin ár verið geymdar í sérstöku herbergi í kjallara Safnahússins. Sumarið 1991 var lokið endurbótum á norðaustur hluta efri hæðar Safnahússins, þar sem Héraðsskjalasafnið hafði áður verið til húsa. Þangað voru verk listasafnsins flutt og þeim komið fyrir.

Á árinu 1990 fór listasafnið inn á þá braut að leigja út myndir frá safninu til ýmissa opinberra stofnana. Þetta var gert í tvíþættum tilgangi. Annars vegar að afla safninu nokkurra tekna, hins vegar að koma myndum safnsins á framfæri. Þetta gaf góða raun og var framhaldið í auknum mæli árið 1991.

Í ágúst mánuði 1991 var gengið frá samningi Sauðárkróksbæjar við hjónin Gyðu Jónsdóttur og Ottó Michelsen um kaup á hluta af málverkasafni þeirra. Var kaupverð myndanna langt undir matsverði og þar fyrir utan gáfu þau hjónin olíumálverk eftir Jón Stefánsson. Við þetta tækifæri gaf Sigurður Sigurðsson listmálari einnig feiki-stóra olíumynd.

Í tengslum við heimsókn forseta Íslands til Skagafjarðar var haldin sýning á þessum verkum og hékk hún uppi fram á haust. Myndirnar voru 44 talsins, allar eftir skagfirzka listamenn, langflestar eftir Hrólfi Sigurðsson, 29 talsins; eftir Sigurði Sigurðsson tvær, auk þeirrar, sem listamaðurinn gaf; eftir Jóhannes Geir 9 myndir; eftir Jón Stefánsson ein og eftir Magnús Jónsson þrjár.

Sauðárkróksbær á myndirnar, en hefur falið Listasafninu varðveizlu þeirra og alla umsjá.

Hjalti Pálsson.



Kári Jónsson
stöðvarstjóri

F. 27. 10. 1933

D. 19. 3. 1991

Vel þykir hlýða, að Safnamál geymi nokkur minningarorð um Kára Jónsson stöðvarstjóra Pósts og síma á Sauðárkróki, svo drjúgan þátt sem hann átti í uppbyggingu, vexti og viðgangi héraðssafnanna skagfirzku. Kári lézt 19. marz 1991, 57 ára að aldri og hafði þá lifað og liðið þungbæran heilsubrest allt frá árinu 1987.

Kári var kjörinn í stjórn Safnahússins og þá um leið safnanna, sem þar eru innan dyra, Héraðsbókasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Listasafnsins árið 1970 og var í stjórn þeirra til 1990, eða í tvo áratugi, og jafnlengi var hann stjórnarformaður, ávallt einhuga falin formennskan. Kári var að eðlisfari mjög skyldurækinn maður og starfinu fyrir söfnin sinnti hann af miklum áhuga og alúð, vann sem hann mátti að eflingu þeirra. Hann átti frumkvæði að því, að til útgáfu Safnamála var stofnað, sá í því vönan kost, að með útgáfu bæklinga, þótt ekki væri mikill fyrirferðar, væru söfnin og starfið við þau kynnt og sú kynning yrði til þess að efla söfnin, auka þeim vinsældir og það myndi verða þeim lyftistöng í auknum aðföngum, og sú hefur orðið raunin.

Sá sem gerst þekkir störf Kára Jónssonar í þágu safnanna er Kristmundur Bjarnason fyrrverandi safnvörður Héraðsskjalasafnsins. Hann ritaði ýtarlega um safnið, raunar um söfnin öll. Birtist sú ritgerð í síðustu Safnamálum, og var meginmál þeirra. Kristmundur minnst

Kára og starfa hans vel og lofsamlega. Ég vitna til þessara orða Kristmundar:

„Hér að framan hefur verið dregið á, hvern hlut hann átti að viðreisn og eflingu skjallasafnsins. Sama er uppi á teningi um hin söfnin og Safnahúsið. Hann var jafnan með hugann við, hvernig bæta mætti þeirra hag. Þau eru ófá bréfin, sem hann skrifaði til að afla styrkja og fór sjaldan allsendis bónleiður til búðar, þótt honum þætti stundum hlutur sinn skarður“. Kristmundur getur þess, að Listasafnið hafi verið „óskabarn“ Kára, „og réri hann öllum árum að eflingu þess með því að afla því ríkulegra opinberra styrkja til listaverkakaupa og stuðla að skrásetningu þeirra.“

Kári Jónsson var fæddur á Sauðárkróki 27. október 1933. Merkir voru foreldrar hans, Jón Björnsson, einstakur starfs- og trúleiksmaður, og kona hans Unnur Magnúsdóttir, sköruleg gerðarkona. Kári var yngstur fimm barna þeirra hjóna, sem öll urðu nýtir þegnar. Á Sauðárkróki ólst Kári upp og átti þar heima alla ævi, á Smáragrund 16 til margra ára á fallettu heimili sínu og ágættrar konu sinnar, Evu Snæbjarnardóttur, bakameistara á Sauðárkróki, Sigurgeirssonar, og Ólínu Björnsdóttur frá Skefilsstöðum. Þau Kári og Eva eignuðust tvo syni, Óla Björn og Guðjón Andra, fríða myndar- og atgervismenn. Eva er skólustjóri tónlistarskólans á Sauðárkróki, frömuður í tónlistarlífi heimabyggðar, listelsk sem og var Kári maður hennar.

Já, hann kom sannarlega ekki á óvart áhugi Kára á Listasafninu og eflingu þess. Hann var vissulega listhneigður maður og listelskur. Til margra ára var hann aðaldriffjöldrin í Leikfélagi Sauðárkróks, formaður þess um skeið og síðar framkvæmdastjóri. Hann bjó yfir miklum leikarahæfileikum, hóf að leika með félaginu 1951 og stóð á sviði um aldarfjórðungs skeið, fór síðast með hlutverk árið 1976 og þrettán sinnum stýrði hann leikriti á vegum Leikfélags Sauðárkróks. Við, samtímamenn hans, munum lengi meðferð hans á ýmsum stórhlutverkum, sem hann lék á fjölnum í Bifröst. Það er ekki lítið lán hverju byggðarlagi að eiga innan sinna vébanda menn á borð við Eyþór Stefánsson og Kára Jónsson og fá að njóta listrænna hæfileika þeirra og óeingingarnra starfa. Við eigum slíkum þökk að gjalda.

Kári var gagnfræðingur frá Gagnfræðaskólanum á Sauðárkróki, lauk þar námi 1950. Lengri varð skólagangan ekki, en Kári var vel

menntaður maður og fjölfróður. Ungur fékk hann mikinn áhuga á þjóðmálum, fylgdist vel með í þeim efnum og kynnti sér stefnur í stjórnmálum með lestri rita og bóka, er fjölluðu um þau mál. Ungur gekk hann til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og varð meðal helztu forvígismanna flokksins hér í héraði. Hann skipaði margar trúnaðarstöður fyrir flokkinn, sat í bæjarstjórn Sauðárkróks, var formaður Sjálfstæðisfélags Sauðárkróks, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Skagafirði og sæti átti hann í flokksráði Sjálfstæðisflokksins svo nokkuð sé nefnt af störfum hans á þeim vettvangi.

Í tvígang a.m.k. skipaði hann lista flokksins, í Skagafirði og Norðurlandskjördæmi vestra. Minnisstæður er mér undirbúningur sumar kosninganna 1959. Þá skipaði Kári sæti á framboðslistanum og mætti með mér á nokkrum framboðsfundum og sannarlega var ég ekki einn í för. Kári Jónsson var afburðasnjall ræðumaður, skýr og skorinorður, einarður og hreinskriptinn, harður af sér, bæði í sókn og vörn, og naut sín vel brennandi áhugi hans á þjóðmálum, og drengilegur málflutningur hans gerði, held ég megi segja, för okkar góða.

Minningar mínar um þennan vin minn og frænda eru mér einstaklega góðar. Skyldurækinn drengskapar- og heiðursmaður var hann. Ekki hló hann við öllum, en trölltryggur þeim sem nutu vináttu hans. Ef hann fann eitthvað að í fari okkar og framgangi, þá sagði hann okkur það hiklaust og sannaðist á hinum hreinlynda manni, að „vinur er sá er til vammis segir“.

Ég rek ekki hér þau störf, sem Kári vann á ævileið önnur en hér hafa verið nefnd og öll sem þessi unnin af óeingingirni og trúleika. Þessi greinarstúfur átti sérstaklega að minna á og þakka störf hans fyrir Safnahúsið, Héraðsbókasafnið, Héraðsskjallasafnið og Listasafnið. Í sögu þeirra mun nafn hans geymast.

Gunnar Gíslason.

Úr Héraðsskjalasafni

Þorralblót á Hólum í Hjaltadal veturinn 1905

Úr dagbók Friðriks Klemenzsonar frá Vatnsleysu



Friðrik Klemenzson.
Ljós.: Daniel Davíðsson.

Eftirfarandi frásögn er tekin upp úr dagbók, sem Friðrik Klemenzson frá Vatnsleysu, síðar kennari og póstafréiðslumaður, hélt á Hólum. Hann var nemandi í bændaskólanum veturna 1903-1904 og 1904-1905 og lauk búfræðinámi seinna vorið. Dagbók hans nær frá 1. janúar til 16 maí 1905.

Friðrik J. Friðriksson læknir á Sauðárkróki færði safninu þessa dagbók s.l. sumar ásamt mörgu öðru úr fórum föður hans. Dagbókin er skráð í HSk. 1589, 4to.

Hj. P.

Laugardaginn 18. febrúar.

Nú er hinn mikli dagur upprunninn. Veður var hálfvont, norðan hríðarveður. Ég fór seint á fætur. Engir tímar um daginn nema leikfimi. Við fórum að laga til í kjallaranum strax um morguninn og að því búnu var farið að bera bækurnar úr bekknum, og svo að bera púltin niður í kjallara. Var þeim hlaðið saman syðst á leikfimi-plássinu. Þegar þessu var lokið var farið að þrifa til í húsinu og þvo. Að þessu unnu margir piltar. Þegar að klukkan var orðin ca. 3, þá fór fólkið að koma. Þá fór ég að hafa fataskipti, og úr því var ég lengst af niður í kjallara að taka á móti fólkinu. Við Gunnar Jónsson,

Safnamál . 26



Skólahúsið á Hólum. Reist og tekið í notkun árið 1892, en brann haustið 1926.

Guðmundur Benjamínsson og Halldór Jónsson tókum á móti fólkinu, en hinir voru við hestana. Við höfðum lagt í ofninn í þvottakompunni og þar létum við stúlkurnar þvo sér. Með því fyrsta af fólkinu kom það frá Hofstöðum og Framnesi, ennfremur frá Vatnsleysu. Frá þessum tíma hélt svo fólkið áfram að koma þar til klukkan ca. 6, og var það þá að minnsta kosti orðið 150 að tölu. Á meðal þeirra sem komu voru: Brynjólfur í Þverárdal, Guðmundur í Mjóadal og Elísabet dóttir hans, kærasta Stefáns Sigurðssonar, Þorvaldur á Víðimýri o.fl., o.fl. Sigurður Björnsson á Veðramóti og Páll Schram voru komnir af stað hingað, en sneru við sökum kláðafréttarinnar. Það þótti okkur lítilmannlegt.

Þegar klukkan var um 6 var búið að bera trogin fram kúfuð af mat, bæði í okkar bekk og í borðstofunni. Nú var fólkinu blásið saman til snæðings, jafnað niður í borðsalina og að því búnu setti Sigurður skólástjóri samkomuna. Þessa ræðu heyrði ég ekki, því nú fór ég fyrst að búa mig og láta á mig hálslínið. Því miður var ég ekki enn búinn að fá nýju fötin mín frá Hafsteinsstöðum....

Safnamál . 27

Þegar hér var komið sögunni, þá var fólkið í óða önn að snæða, en Steingrímur Stefánsson var að mæla fyrir minni Íslands. Ég heyrði minnst af þeirri ræðu, en sagt var, að það hefði verið snjallt mál. Næst á eftir honum talaði Flóvent bústjóri fyrir minni bænda, og hafði það verið skörulega flutt. Á meðan að hún var flutt, var ég staddur upp í bæ, og lét krulla á mér hárið o.s.frv. Þegar ég kom ofan eftir, aftur þá var Kristján Eldjárn að tala fyrir minni kvenna, og tókst honum allvel upp. Næst á undan honum hafði Þorvaldur Arason talað eitthvað til kvenfólksins. Hafði hann líkt karlmanninum við pál í höndum kvenfólksins, sem þær þjökkuðu með. Meðal annars hafði hann sagt, að Guð hefði orðið að svæfa manninn með “klóroformi” út úr ráðaleysi og stela úr honum einu rifinu til þess að skapa konuna. Yfir höfuð hafði þessi ræða verið mjög vitlaus og hlægileg.

Nú var klukkan orðin 8 og var því umræðum hætt að sinni, og matleifarnar af borðum bornar. Ekki hafði ég borðað neitt við þetta borð. Að því búnu var farið að dansa, bæði uppi í bekk og niðri. Dansað var þar til klukkan 10 um kvöldið. Fór það allvel fram. Ég dansaði fremur lítið. Klukkan 10-11 voru glímur og málsháttaleikur. Í þessum tíma var ég orðinn svo þreyttur, að ég fór upp á kvist til þess að sofa. Málshátturinn var þessi: “Þitt og mitt gjörir oft þrætu”. Þeir, sem léku hann, voru þessir: Þorsteinn Guðmundsson, Sigurður Baldvinsson, Árni Jóhannsson og Björn Jósefsson. Fólkinu hafði verið gefinn kostur á því að geta hver málshátturinn væri, en gat það ekki.

Klukkan 11-1 var fyrst leikfimi og síðan álfadans. Í byrjun þessa tíma vaknaði ég og fór að búa mig í leikfimina eins og aðrir. Neðri-bekkingar fóru fyrst ofan og sýndu list sína, svo komum við annars-bekkingar ofan og sýndum ýmsar æfingar. Ég var í þeim flokknum, sem sýndi handgöngu o.fl. Annars fannst mér leikfimin fara fremur illa. Að þessu búnu fóru álfarnir að búa sig, en ég var ekki þar með, því bæði var veður fremur illt, og svo þurfti ég að vera heima til þess að afhenda sumu fólkinu föt sín, áður en það færi út. Sumt af aðkomufólkinu var einnig heima, og skemmti sér við samræður, dans o.fl. Flest af áhorfendunum kom fljótlega heim aftur eftir litla stund, allt fannbarið o.s.frv.

Klukkan 1-2 var kaffidrykkja, kveðskapur o.fl. Aðkomufólkið drakk fyrst og svo við piltarnir á eftir. Klukkan 2-3 var fyrirlestur hjá Ingimundi um uppruna og einkenni okkar Íslendinga. Hafði honum sagt fremur vel. Ég heyrði lítið af honum, því ég var lengst af uppi á lofti að hvíla mig, því ég var mjög þreyttur. Næst á eftir honum höfðu þeir talað: Þorsteinn Guðmundsson fyrir minni skólakennaranna, Halldór Jónsson fyrir minni Hólaskóla, Brynjólfur í Þverárdal hafði talað nokkur orð til kennaranna hér við skólann og um skólann sjálfan. Að því búnu flutti Benedikt Guðmundsson frá Húsavík kvæði, sem hann hafði sjálfur ort til Hjaltadals o.fl. Hafði það verið vel gjört. Klukkan 3-5 var svo aftur dans. Í byrjun þessa tíma fór ég ofan aftur, og dansaði dálítið, reykti vindla o.s.frv. Í þessum tíma “marseraði” ég tvisvar og hafði þá góðar dömur. Klukkan 5 hélt Jósef skilnaðarræðu, og var hún mjög góð. Á eftir honum talaði Árni Þorgrímsson nokkur orð, og síðan talaði Þorfinnur Þorarinsson nokkuð langt mál. Var það mest samanburður á Norðlendingafjórðungi og Suðurlandsfjórðungi, Rangárvallasýslu og Skagafjarðarsýslu og loks nokkur orð til skólans hér. Ennfremur talaði hann um samvinnu og félagsskap o.fl. Alltaf sungið á eftir ræðum.

Þegar hingað er komið sögunni, þá er ennþá hálfgjörð hrið, svo fólkið gat ekki farið að fara, enda voru hestarnir ennþá fram á Hagakoti. Fólkið hélt þess vegna áfram að dansa og skemmta sér þar til albjart var orðið. Þá varð ég að fara ofan í kjallara til þess að afhenda fólkinu föt sín, og var ég þar þangað til klukkan ca. 10 um morguninn. Jafnframt því var sent eftir hestunum fram eftir og komu þeir aftur um það leyti, sem fólkið var ferðbúið. Ekkert hafði týnt af fötum, en aftur á móti höfðu týnt 1 eða 2 beizli, og var eigandinn Jakob á Hofsstöðum. Ég lánaði honum því mitt reiðbeizli.

Um þetta leyti mátti heita að væri stórhrið af norðri. Þrátt fyrir það vildi fólkið eindregið fara samstundis af stað. Þegar klukkan var ca. 10 1/2, þá var flest af fólkinu farið, nema húnvetnska fólkið, Þorvaldur á Víðimýri, Reykjavíkið, Lovísa á Hofstöðum og Benedikt, sem hér var í sumar við annan mann. Þetta fólk fór nú að sofa og einnig við piltarnir. Hildur á Vatnsleysu varð líka eftir. Áður en ég fór að sofa, fór ég upp í bæ til þess að kaupa mér mjólk. Þegar ég fór að sofa, þá var klukkan eitthvað um 11 eða að ganga 12.

Hver er maðurinn?

Í seinustu Safnamálum, 1991, féll niður sakir rúmleysis myndabátturinn Hver er maðurinn? Nú verður þráðurinn tekinn upp að nýju. Skal þá fyrst telja það sem grasast hefur úr eldri heftum Safnamála:

Úr 6. árgangi 1982 hafðist upp á mynd nr. 111; reyndist vera Þingeyingur, Karolína Soffía Helgadóttir frá Halldórsstöðum í Laxárdal. Úr 11. árgangi 1987 hefur hafzt upp á konunni á mynd nr. 236. Það mun vera Guðrún Benediktsdóttir úr Skagafirði, sem kölluð var Fyrirlestra-Gunna.

Úr Safnamálum 1988, 12. árg., hafa einnig þekkt allmargar myndir til viðbótar. Nr. 254 mun vera Sigríður Kristín Jónsdóttir, kona Böðvars Bjarkan málafærslumanns á Akureyri, sem raunar er á mynd nr. 253. Nr. 255 er Jón Kr. Árnason á Vatni og Víðivöllum, nr. 263 Ingibjörg Jónsdóttir (f. 1891) kennari frá Háholti í Gnúpverjahreppi og nr. 266 Freyja Jónsdóttir frá Réttarholti. Þá kemur að mynd nr. 279, sem reyndist af Guðrúnu Jónsdóttur Sandholt á Ísafirði (f. 1843) og mynd nr. 280 er af Sigurði Jónssyni bónda og söðlasmið á Haukagili í Hvítársíðu. Þá þekkti Kristín Sölvadóttir á Sauðárkróki mynd nr. 282 af Lovísu Ísleifsdóttur prests frá Hvammi í Laxárdal og manni hennar Jóni Eyvindssyni kaupmanni í Reykjavík. Hún áttaði sig einnig á mynd nr. 284 af séra Sæmundi Jónssyni presti í Hraungerði og fjölkskyldu hans. Mynd nr. 291 er svo af Sigríði Margréti Katrínu Sigurðardóttur frá Haukagili í Hvítársíðu, dóttur Sigurðar á mynd nr. 280.

Úr 13. árgangi, 1989, hefur bæzt við mynd nr. 300. Kristín Sölvadóttir bar kennsl á hana; var af Jóhönnu Stefánsdóttur á Arnarstöðum. Þetta var staðfest af Stefáni á Arnarstöðum, syni Jóhönnu.

Þá er komið að 14. árgangi, 1990. Nr. 333 mun vera Kristín Björnsdóttir Símonarsen á Sauðárkróki. Ábending hefur komið um nr. 334, en er ekki fullkannað. Nr. 336 er Þorleifur Klemenzson í Kálfárdal á Skörðum og var það Þór Magnússon þjóðminjavörður, einnig Guðmundur S. Jóhannsson, sem bentu á þetta með tilvísan í Föðurtún Páls Kolka. Nr. 338 er Ingunn Pálmadóttir á Syðstugrund, nr. 342 Hólmsteinn Jónsson frá Þorleifsstöðum og nr. 343 Stefán Jónsson frá Reynistað, Eiríkssonar, og þekkti Kristín Sölvadóttir hann. Þá hefur borizt ábending um mynd nr. 341, að hún væri af Margeiri Jónssyni frá Ögmundarstöðum, en það er ekki fullsannað. Er þá tíundaður afli okkar síðustu tvö árin og færi ég beztu þakkir öllum, sem lagt hafa þessu myndagrúski lið.

Óþekktar myndir eru að þessu sinni allar teknar af ljósmyndurum, sem störfuðu á Sauðárkróki: Nr. 344-353 af Péttri Hannessyni, líklega frá árabílinu 1915-1928; nr. 354-359 af Jóni Pálma um 1911-1914; Gísli Benediktsson hefur tekið myndir nr. 360-361 um aldamótin 1900 og síðan koma myndir frá Daníel Davíðssyni nr. 362-368. Afgangurinn er svo tekinn af Jóni Dalmann ljósmyndara, sem var á Sauðárkróki um tveggja ára skeið 1909-1910, en starfaði lengst á Akureyri og í Reykjavík.

Hjalti Pálsson.



344



345



346



347



348



349



356




357



358



350



351



352



359



360



361



353



354



355



362



363



364




365



366



367



368



369



370



371



372



373



374



375



376



377



378



379



380



381



382

Safnafréttir

Sunnudaginn 24. apríl á þessu ári (1992) var um land allt haldinn svonefndur Kynningardagur skjalasafna. Þá voru héraðsskjalasöfn opin víðsvegar um land, einnig Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn í Reykjavík. Var þetta ætlað til að kynna almenningi starfsemi skjalasafna í landinu og hvaða tilgangi þau gegndu. Ritaði skjalavörður kynningargrein um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga í Morgunblaðið og aðra í Feyki.

Safnið var opið frá kl. 2 - 6 og aðsókn mjög góð. Tæplega 100 manns skráðu sig í gestabók safnsins þennan dag og stöldruðu margir við í nokkra klukkutíma, svo að hér var fullt hús allan daginn. Ýmis merk handrit voru í sýningarskáp og annað á borðum til skoðunar. Mun aðsókn hvergi hafa verið viðlíka og hér. Til samanburðar má nefna, að í Héraðsskjalasafnið á Akureyri komu um 60 manns og á Borgarskjalasafninu í Reykjavík skráðu sig um 100 í gestabók.

Minný Leósdóttir, ekkja Hauks Stefánssonar á Sauðárkróki, gaf í byrjun nóvember 1992 safn það af bókum og tímaritum varðandi flug, sem Haukur hafði víðað að sér, en hann lézt s.l. sumar. Haukur var mikill áhugamaður um hvers konar flugmál og safn hans telur 15 - 20 hillumetra. Það verður sett upp í norðurenda hússins á efri hæð, þar sem var lestarsalur Héraðsskjalasafnsins, en nýverið hefur sá salur verið málaður og dúklagður.

Hinn 29. október 1992 hefði Sigurður Ólafsson bóndi og fræðimaður á Kárastöðum orðið 100 ára. Af því tilefni ákvað Sigurlaug Ólafsdóttir á Kárastöðum, ásamt börnum sínum, Lilju, Þorsteini og Jóni, að gefa Héraðsskjalasafninu öll handrit og skjöl, sem verið höfðu í förum Sigurðar og hann hafði átt. Kennir þar margra grasa, og er þetta hinn merkasti fengur fyrir safnið.



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg

Blómabúðinni

Verzlun
Haraldar Júlíussonar



útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga kl. 4.00— 7.00 s.d.

Þriðjudaga kl. 4.00— 7.00 s.d.

Miðvikudaga kl. 4.00— 7.00 s.d.

Fimmtudaga kl. 7.30—10.00 s.d.

Föstudaga kl. 2.00— 6.30 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Fimmtudaga kl. 8.00—10.00 s.d.

Föstudaga kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA